


13. október 2025

Efni: Umsögn Fuglaverndar um áform um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun vegna vindorku og verndarflokks áætlunarinnar.

Fuglavernd fagnar því að styrkja eigi lagaumgjörð um virkjun vindorku á Íslandi. Í því samhengi vil félagið benda á mikilvægi þess að **samrýma áform um orkuöflun og orkuskipti við nauðsyn þess að vernda líffræðilega fjölbreytni.**

Vitað er að fuglar geta orðið fyrir neikvæðum áhrifum af vindorkuverum¹ og því er mjög mikilvægt að útiloka strax uppbyggingu vindorkuvera innan marka alþjóðlega mikilvægra fuglasvæða á Íslandi, sem skilgreind og kortlögð hafa verið af Náttúrufræðistofnun skv. alþjóðlegum, faglegum viðmiðum² (1. mynd). Sum þessara svæða njóta nú þegar einhvers konar friðlýsingar eða verndar (2. mynd) en það á þó síður en svo við um þau öll. Einnig þarf að taka tillit til þess að fuglalíf getur verið viðkvæmt fyrir vindorkuverum á jaðri þessara svæða, þar sem fuglar eru mjög hreyfanlegar lífverur og ferðast í mörgum tilfellum reglulega inn og út af svæðunum.




1. mynd. Mikilvæg fuglasvæði. Á Íslandi hafa verið skilgreind svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir 81 fuglategund sem annað hvort verpa hér eða eru reglulegir gestir. Alls eru svæðin 121 og eru þau flokkuð í þrjá meginflokka: sjófuglabyggðir (svart), fjörur og grunnsævi (grænt), votlendi og önnur svæði (rautt).³

¹ <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0960148114007149>

² <https://www.natt.is/is/midlun/kortagogn/mikilvaeg-fuglasvaedi>

³ <https://kort.gis.is/mapview/?app=kort>



Mynd 2. Friðlýst svæði á Íslandi.⁴

Fuglavernd hefur margoft áður bent á mikilvægi þess að undanskilja mikilvæg fuglasvæði uppbyggingu vindorkuvera hér á landi, bæði í umsögnum og greinum⁵, sem við hvetjum hlutaðeigandi til að kynna sér.

Fuglavernd vill jafnframt nota þetta tækifæri til að velta vöngum yfir tvennu:

- 1) Í frumvarpsdrögum sem sett hafa verið fram síðustu ár um þetta málefni hefur komið fram að allt miðhálandi Íslands sé undanskilið uppbyggingu vindorkuvera. Fuglavernd bendir á að með þessu er vindorkuverum þrýst niður á láglendið, þar sem jafnan er ríkulegra fuglalíf og röskun hefur almennt meiri áhrif á lífríki (þó á því séu undantekningar). Miðhálandi Íslands þekur u.þ.b. 40% landsins⁶ (3. mynd) og er ákaflega fjölbreytt, en þar má meðal annars finna eldfjöll, hvera, hraun, ýmsar jarðmyndanir, sanda, jökla, ár, stöðuvötn og gróðurvinjar. Enginn vafi er á að miðhálandi Íslands er stórkostlegt á margan hátt, og æskilegt sé að vernda það, en

⁴ <https://kort.gis.is/mapview/?app=kort>

⁵ (1) https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Vindorkufrumvarp-Fuglar_14.pdf

(2) <https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Fuglar13-Vindmyllur.pdf>

(3) https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2021/05/2021_04_29_Vindorkuver-i-landslagi-og-natturu-Islands.pdf

(4) https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2024/01/2023_Umsogn-Fuglaverndar-um-Aform-um-frumvarp-til-laga-um-vindorku.-Mal-nr.-251-2023.pdf


(5) https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2024/01/2024_Umsogn-Fuglaverndar-um-framvarp-til-laga-um-vindorku-S-1-2024.pdf

(6) https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2024/05/2024_Vindorka_umsogn-um-framvarp-til-laga-THingskjal-1339-900.-mal.pdf

(7) https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2025/01/2025_Umsogn-Fuglaverndar-Drog-ad-flokkun-tiu-vindorkukosta.pdf

⁶ <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=67980> og

Þó þykir Fuglavernd sæta furðu að undanskilja svo stórt landsvæði án þess að gögn liggi fyrir um nákvæmlega hvað sé verið að vernda með því. Á sama tíma hafa ábendingar Fuglaverndar um að undanskilja mikilvæg fuglasvæði uppbyggingu vindorkuvera verið hunsuð fram til þessa, þótt að baki þeirri kortlagningu liggi nákvæm greining og tölulegar upplýsingar um mikilvægi svæðanna og þar með mikilvægi þess að vernda þau. Að sjálfsögðu talar Fuglavernd ekki gegn því að vernda miðhálandi Íslands en telur að enn mikilvægara sé að vernda mikilvæg fuglasvæði ef horft er til skuldbindinga Íslands varðandi vernd líffræðilegrar fjölbreytni.



Mynd 3. Miðhálandi Íslands⁷.

- 2) Í umræðu um uppbyggingu vindorkuvera hérlendis hefur mikið verið talað um hvaða svæði beri að undanskilja, sem er besta mál, en Fuglavernd hvetur til þess að áður en lengra er haldið fari fram vinna við að skilgreina og kortleggja sérstaklega svæði þar sem hentugt væri að reisa vindorkuver. T.d. gæti verið æskilegra að koma upp vindorkuverum á svæðum sem hefur nú þegar verið raskað vegna virkjanaframkvæmda, en að raska lítt eða ósnortnum svæðum. Við slíka kortlagningu þarf að sjálfsögðu að taka ríkt tillit til mikilvægra fuglasvæða sem og mikilvægra farleiða fugla. Ekki er útilokað að einhver heppileg svæði gætu leynst innan marka miðhálandisins og væri ekki úr vegi að kanna það.

Með góðum kveðjum f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Menja von Schmalensee, formaður
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

⁷ <https://island.is/v/landsskipulag/afmoerkun-midhalendisins>